

ÁSKORUN

Kvenfélögin í Uppsveitum Árnassýslu; Kvenfélag Biskupstungna, Gnúpverja, Grímsneshrepps, Hrunamannahrepps, Laugdæla og Skeiðahrepps hafa miklar áhyggjur af stöðu heilsugæslumála á svæðinu.

Fyrirsjáanleg er skerðing á lækniþjónustu í Uppsveitum m.a. vegna uppsagna á bakvöktum lækna á Heilsugæslunni í Laugarási. Kvenfélögin hafa verið öflugir bakhjarlar HSU og heilsugæslunnar um áratuga skeið. Þau hafa ætíð stutt við þessar stofnanir með fjármagni til tækjakaupa og fleira.

Kvenfélögin öll sem eitt skora á stjórn HSU, allar sveitarstjórnir í Uppsveitum Árnassýslu, Landlæknisembættið, Heilbrigðisráðuneytið og heilbrigðisráðherra auk innviðaráðherra að þau taki öll höndum saman og vinni hratt og vel að öryggi íbúa, sumarhúsaeigenda og ferðamanna með því að:

- Tryggja og verja stöðu heilsugæslunnar í Uppsveitum.
- Fastráða lækna og tryggja bakvaktir þeirra.
- Tryggja fasta viðveru sjúkrabíla og bráðaliða allt árið um kring.
- Fylgja Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 þar sem m.a. kemur fram: „Til að tryggja að heilbrigðisþjónustan sé í samræmi við þarfir og væntingar notenda þarf að kanna reynslu og viðhorf notenda reglubundið með þjónustukönnunum.“

Áskorun þessi er send á yfirstjórn HSU, fulltrúa allra sveitarstjórna í Uppsveitum Árnassýslu, sveitarstjóra, oddvita, Landlæknisembættið, heilbrigðisráðherra og Heilbrigðisráðuneyti, innviðaráðherra, fjölmiðla og þingmenn Suðurlands.

Uppsveitir Árnassýslu 9. ágúst 2023

Fyrir hönd Kvenfélaga í Uppsveitum Árnassýslu:

Andrea Rafnar, formaður Kvenfélags Biskupstungna

Lára Bergljót Jónsdóttir, formaður Kvenfélags Skeiðahrepps

Ragna Björnsdóttir, formaður Kvenfélags Grímsneshrepps

Sigríður Björk Gylfadóttir, formaður Kvenfélags Gnúpverja

Valný Guðmundsdóttir, formaður Kvenfélags Hrunamannahrepps

Þóra Þöll Meldal Tryggvadóttir, formaður Kvenfélags Laugdæla